

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. mars 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks um páskahelgi.

1. gr.

Frá kl. 20.00 laugardaginn 11. apríl 1992 til kl. 10.00 árdegis þriðjudaginn 21. apríl 1992, eru eftirgreindar veiðar óheimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands:

1. Allar veiðar með þorsfisknetum.
2. Allar veiðar fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu sem dregin er í tólf sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrang. Þaðan er línan dregin í punkt í 63°08' N og 19°57' V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrang. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt í 64°43'7N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7N og 24°26'V og síðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.
3. Allar veiðar á svæði fyrir Suðvesturlandi, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. gr. eru hrognkelsaveiðar og skelveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.